



GAMMA: Government Bond Index Fund - FAQ

GAMMA: Government Bond Index Fund, er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, sem fjárfestir í skuldabréfum á íslenskum skuldabréfamarkaði.

1. Hvað er vísitala?

Vísitala mælir árangur eða ávöxtun ákveðinna undirliggjandi eigna. Hlutabréfavísitölur eru til að mynda mjög algengar, svo sem S&P 500 í Bandaríkjunum og OMX15 á Íslandi.

2. Hvað er vísitölusjóður?

Vísitölusjóður hefur það markmið að fylgja eftir skilgreindri vísitölu. Það er gert með því að fjárfesta eignum sjóðsins í samræmi við samsetningu vísitölnnar. Fjárfestingarstefna vísitölusjóðs er því vel skilgreind, gagnsæ og opinber.

3. Af hverju að fjárfesta í vísitölusjóði?

Mikið hagræði er að fjárfesta í sjóði með fyrirfram þekktri fjárfestingarstefnu sem sjálfkrafa endurfjárfestir vaxtagreiðslur og afborganir. Rökin fyrir fjárfestingu í vísitölusjóði eiga sér rætur í fjármálhagfræði t.d. að:

- til lengri tíma litið er meðalfjárfestirinn með ávöxtun til jafns við markaðinn áður en tekið er tillit til kostnaðar, þess vegna er rökréttast að minnka sem mest viðskiptakostnað og
- samkvæmt kenningunni um skilvirka markaði er ekki hægt að „sigrá markaðinn“ samfellt til lengri tíma litið.

Að auki er oft erfitt fyrir fjárfesta að átta sig á því hversu mikið af ávöxtun almennra sjóða er fyrir tilstuðlan heppni eða hæfni sjóðstjórans. Á Íslandi eru ekki margar útgáfur skuldabréfa á markaði og dagsveltan er ekki há í hlutfalli af útistandandi markaðsverðmæti. Því geta fjárfestar í stórum skuldabréfasjóðum lent í þeirri aðstöðu að sjóðirnir hafa lítið svigrúm til að breyta fjárfestingarstefnu sinni og eru þeir í rauninni hlutlausir sjóðir en rukka fyrir virka stýringu.

4. Hvað mæla skuldabréfavísitölur GAMMA?

Skuldabréfavísitölur GAMMA sýna heildarávöxtun útgefinna íbúðabréfa, ríkisbréfa og verðtryggðra ríkisbréfa á íslenskum skuldabréfamarkaði, hlutfallsvigtað í samræmi við markaðsverðmæti hvers bréfs. Heildarávöxtun þýðir að vaxtagreiðslur og afborganir eru í raun endurfjárfestar aftur í vísitölnni.

5. Hvenær og hvernig eru hlutfallsvigtir skuldabréfa endurstilltar?

Hlutfallsvigtir skuldabréfa eru endurstilltar á fyrsta viðskiptadegi hvers mánaðar. Þá eru tekin inn skuldabréf sem voru nýútgefin í síðastliðnum mánuði og of stutt bréf detta út. Hlutfallsvigtir eru reiknaðar út frá markaðsverðmæti hvers skuldabréfs í hlutfalli af markaðsverðmæti allra skuldabréfa í vísitölnni.

6. Hvaða skuldabréf eru í skuldabréfavísitölum GAMMA?

Skuldabréfavísitölur GAMMA sýna heildarávöxtun helstu ríkisskuldabréfa og skuldabréfa með ábyrgð ríkisins á íslenskum skuldabréfamarkaði þ.e. ríkisbréf, verðtryggð ríkisbréf og íbúðabréf.



Skilyrði er að skuldabréfin séu með markaðsvakt í NASDAQ OMX Nordic Exchange og lengra en 6 mánuðir séu í lokadag.

7. Hver er tilgangur með skuldabréfavísitölum GAMMA?

Erfitt er að fylgjast með ávöxtun skuldabréfamarkaðar á Íslandi og engar vísitölur birtar sem auðvelt er að nálgast opinberlega. Það er því illmögulegt að meta árangur skuldabréfa í samanburði við aðrar ávöxtunarleiðir s.s. innlán, hlutabréf, gjaldeyri og hrávörur. Að sama skapi er ekki til opinber mælikvarði til að meta frammistöðu skuldabréfasjóða sem standa fjárfestum til boða á markaði og erfitt er að meta hvort virk stýring sjóðstjóra sé að skila umframávöxtun sem standi undir þóknun sjóðsins. Á gagnsæjum og skilvirkum markaði er nauðsynlegt að auðvelt sé að vita hver ávöxtun heildarmarkaðar sé til að samanburður sé fljótlegur og gagnlegur.

8. Hvað kostar að fjárfesta í vísitölusjóði GAMMA?

Kostnaði við vísitölusjóð GAMMA er haldið í lágmarki og er árleg umsýsluþóknun 0,45%. Enginn munur er á kaup- og sölugengi, engin upphafsþóknun og engin söluþóknun.

9. Af hverju er kostnaður vísitölusjóða lágur?

Kostnaður við vísitölusjóði er yfirleitt lágur. Tími við sjóðstjórn og greiningar er lágmarkaður þar sem fjárfest er í samræmi við opinbera vísitölu. Einnig eru hreyfingar, þ.e. kaup og sala, verðbréfa í sjóðnum lágmarkaðar sem minnkar mjög viðskiptakostnað sjóðsins s.s. mun á kaup- og sölugengi og þóknunir til miðlara.

10. Fyrir hverja hentar vísitölusjóður GAMMA?

Vísitölusjóður GAMMA hentar viðskiptavinum sem vilja langtímafjárfestingu í ríkistryggðum skuldabréfum með lágmarks-kostnaði. Fjárfestingarstefna sjóðsins er gagnsæ þar sem hún er hlutlaus og eignasafn sjóðsins er endurstíllt í samræmi við hlutfallsvigtir skuldabréfavísitölu GAMMA (GAMMA: Government Bond Index). Mjög góð áhættudreifing á helstu skuldabréf á markaði er tryggð þar sem skilyrði vísitölnunnar er að lengra sé en 6 mánuðir í lokadag skuldabréfs og viðskiptavakt sé á þeim í NASDAQ OMX Nordic Exchange. Ef viðskiptavinur hefur ákveðið að hafa hluta af fjárfestingarsafni sínu í skuldabréfum eru vísitölusjóðir hagkvæm leið til að ná fram markmiði sínu þar sem í raun er fjárfest í markaðssafninu.

11. Eru vísitölusjóðir áhættulausir?

Nei – vísitölusjóðir eru ekki áhættulausir og gengi þeirra getur hækkað sem og lækkað þar sem gengi skuldabréfa í sjóðnum breytist. Fjárfestar í vísitölusjóði ættu að kynna sér samsetningu vísitölnunnar til að átta sig á undirliggjandi fjárfestingu. Í vísitölusjóði er þó áhætta utan markaðsáhættu lágmarkuð þar sem stýring eigna er hlutlaus og er fjárfest í samræmi við markaðssafnið.

Fyrirvari:

Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAM Management hf. er rekstrarfélag Verðbréfasjóðs GAM Management. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflökts gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.